

<p style="text-align: center;">SAMÞYKKTIR FYRIR HAMPIÐJUNA HF.</p>	<p style="text-align: center;">ARTICLES OF ASSOCIATION FOR HAMPIÐJAN HF.</p>
<p style="text-align: center;">1. gr.</p> <p style="text-align: center;">HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR</p>	<p style="text-align: center;">Art. 1</p> <p style="text-align: center;">NAME OF THE COMPANY, DOMICLE AND PURPOSE</p>
<p>1.1 Heiti félagsins er Hampiðjan hf.</p>	<p>1.1 The name of Company is Hampiðjan hf.</p>
<p>1.2 Félagið er hlutafélag.</p>	<p>1.2 The Company is a public limited liability company.</p>
<p>1.3 Heimilisfang félagsins er í Reykjavík.</p>	<p>1.3 The Company is domiciled in Reykjavík.</p>
<p>1.4 Tilgangur félagsins er að stunda veiðarfæraíðnað þjónustu við sjávarútveg og fiskeldi, ásamt sölu og framleiðslu á tógum og stroffum úr ofurefnum, og fjárfestingar í félögum tengdum sömu greinum, ásamt því að reka verslanir með eigin framleiðsluvörur og aðrar skyldar vörur.</p>	<p>1.4 The Company's purpose is to engage in the fishing gear and fish farming industries, together with sales and production of tows and slings from high performance fibers, and investments in companies related to the same industries, along with operating stores with its own production products and other related products.</p>
<p style="text-align: center;">2. gr.</p> <p style="text-align: center;">HLUTAFÉ FÉLAGSINS</p>	<p style="text-align: center;">Art. 2</p> <p style="text-align: center;">SHARE CAPITAL OF THE COMPANY</p>
<p>Hlutafé – hlutir - atkvæði</p> <p>2.1 Hlutafé félagsins er kr. 550.981.049.</p>	<p>Share capital – shares – votes</p> <p>2.1 The Company's share capital is ISK 550.981.049.</p>
<p>2.2 Hver hlutur er ein króna.</p>	<p>2.2 Each share is divided into one ISK.</p>
<p>2.3 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.</p>	<p>2.3 One vote is attached to each share at shareholders' meetings.</p>
<p>Aukning hlutafjár</p> <p>2.4 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.</p>	<p>Increase of share capital</p> <p>2.4 Only a shareholders' meeting may decide to increase the Company's share capital, either by subscription of new shares or issuance of compensation shares.</p>
<p>Forgangsréttur</p> <p>2.5 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34 gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.</p>	<p>Preemptive rights</p> <p>2.5 Shareholders shall have a preemptive right to purchase new shares in proportion to their registered holdings. Exemptions from this are authorized; cf. Paragraph 3 of Article 34 of Act No. 2/1995 respecting Limited Liability Companies the („Companies Act“).</p>

<p>Hlutabréf - hlutaskrá</p> <p>2.6 Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, með síðari breytingum. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.</p>	<p>Shares – share register</p> <p>2.6 The shares of the company are registered electronically in a securities depository, which operates in accordance with Act No 7/2020 on Central Securities Depositories, Settlement and Electronic Registration of Financial Instruments, with subsequent amendments. The securities depository's record of shareholders in the Company is valid proof of ownership of shares in the Company.</p>
<p>2.7 Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu, skal hann skráður sem eigandi í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, með síðari breytingum og sem veitir honum réttindi í félaginu svo sem lög og samþykktir þessar mæla fyrir um. Gagnvart félaginu skal rafræna hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.</p>	<p>2.7 When a shareholder has fully paid his share, he shall be registered as the owner in the securities depository, which operates in accordance with Act No 7/2020 on Securities Depositories, Settlement and Electronic Record Keeping of Financial Instruments, as amended, and which grants him rights in the Company as stipulated by law and these Articles of Association. The electronic register of shareholders shall be regarded as valid proof of ownership of shares in the Company. All dividends and notifications to shareholders shall be sent to the person registered as the owner of the respective share in the Company's register of shareholders at any given time.</p>
<p>Sala hluta og eigendaskipti</p> <p>2.8 Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til viðskipta með hlutabréf sín. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.</p>	<p>Sales of shares and changes of ownership</p> <p>2.8 No restrictions are placed by the Company on the shareholder's rights to sell his shares. The provisions of the Act on Electronic Registration of Title to Securities and rules based on such Act shall govern the change of ownership.</p>
<p>Réttindi og skyldur hluthafa</p> <p>2.9 Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæringi. Þessu ákvæði verður hvorki breytt né fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.</p>	<p>Rights and obligations of shareholders</p> <p>2.9 Shareholders are obligated, without any statement on their behalf, to abide by the Articles of Association as they are issued or later lawfully amended. Shareholders will not, neither according to the Articles of Association or subsequent amendments, become obligated to increase their holdings in the Company and shall not be subjected to redemption of their shares. Shareholders are not responsible for the Company's obligations exceeding their holding in the Company unless they take on such liability in a legally binding document. The provision will not be changed or discontinued by any resolution of a shareholders' meeting.</p>

<p>2.10 Engin sérrettindi fylgja neinum hlut í félaginu.</p>	<p>2.10 No special rights accompany any shares.</p>
<p>Bann við lánveitingum</p> <p>2.11 Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu. Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.</p> <p>Félaginu er jafnframt óheimilt að fjármagna kaup á hlutum í félaginu sbr. 104. gr. hlutafélagalaga.</p>	<p>Loan granting ban</p> <p>2.11 The Company is not allowed to grant loans on securities in the Company. The Company is not allowed to grant loans to shareholders, directors or the managing director of the Company, nor to provide security for them. However, these provisions do not apply to ordinary commercial loans.</p> <p>The Company is also not allowed to finance purchases of shares in the Company according to Article 104 of the Companies Act.</p>
<p>Samskipti við hluthafa</p> <p>2.12 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafrósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að sendar skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta.</p>	<p>Communication with shareholders</p> <p>2.12 Electronic file communication and e-mailing is permitted between the Company and shareholders instead of sending and submitting written documents. The authorization extends to any kind of communication between the Company and shareholders, e.g. invitations to shareholders' meetings, distribution of dividends, and other notifications which the Board of Directors sends the shareholders. Such electronic communication is equal to correspondence written on paper. The Board of Directors shall set rules stipulating the conduct of electronic communication.</p>
<p style="text-align: center;">3. gr.</p> <p style="text-align: center;">STJÓRNSKIPULAG</p>	<p style="text-align: center;">Art. 3</p> <p style="text-align: center;">CORPORATE GOVERNANCE</p>
<p>3.1 Með stjórnun félagsins fara:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hluthafafundir. 2. Stjórn félagsins. 3. Forstjóri. 	<p>3.1 The Company shall be governed by:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. The Shareholders' Meetings. 2. The Board of Directors. 3. CEO.
<p style="text-align: center;">4. gr.</p> <p style="text-align: center;">HLUTHAFAFUNDIR</p>	<p style="text-align: center;">Art. 4</p> <p style="text-align: center;">SHAREHOLDERS' MEETINGS</p>
<p>4.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.</p>	<p>4.1 The supreme power of the Company's affairs, within the boundaries set by these Articles of Association and Icelandic legislation is in the hands of the lawful shareholders' meetings.</p>

<p>Réttur til þátttöku</p> <p>4.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar ásamt ráðgjafa, umboðsmenn hluthafa, stjórn og endurskoðendur félagsins sem og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.</p>	<p>Right to participation</p> <p>4.2 Shareholders together with advisors, agents, the Company's Board of Directors and auditors, as well as the CEO, even if he is not a shareholder have the right to participate in shareholders' meetings. Furthermore, the Board of Directors may invite specialists to attend the shareholders' meeting if their advice or assistance is required.</p>
<p>4.3 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.</p>	<p>4.3 The Board of Directors is authorized to decide that shareholders may participate in shareholders' meetings by electronic means without being physically present. If the Board of Directors feels that the Company has equipment which is sufficiently safe to allow shareholders to participate in shareholders' meetings electronically without being physically present and the Board of Directors decides to use this authorization it shall be announced in the invitation to the meeting.</p>
<p>Rafrænir hluthafafundir</p> <p>4.4 Telji stjórnin gerlegt að halda fundinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skal í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni um rafræna þátttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þátttöku í fundinum. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.</p>	<p>Electronic Shareholders' Meetings</p> <p>4.4 If the Board of Directors envisages that the meeting can be held only electronically, whether in full or partly, with suitable equipment and thereby allowing shareholders to participate electronically, the invitation to the meeting shall clearly give information regarding the technical equipment and information on how shareholders notify the Company of their electronic participation and where they can receive information, instructions and a password for participation. Shareholders who intend to participate electronically in shareholders' meetings shall notify the Company's office with 5 days notice thereof and submit written questions regarding the agenda or documents to be presented at the meeting which they require answers to.</p>
<p>4.5 Hluthafar skulu hafa aðgengi að leiðbeiningum um þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti ásamt aðgangsorði og nauðsynlegum hugbúnaði til slíkrar þátttöku. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.</p>	<p>4.5 The shareholders shall have access to instructions regarding electronic participation in shareholders meetings along with a password and necessary equipment for participation. An inserted password into a computer system is deemed to be equal to the shareholder's signature and is viewed as valid participation in the shareholders' meeting.</p>
<p>Atkvæðagreiðsla utan fundar</p> <p>4.6 Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í</p>	<p>Voting outside a meeting</p> <p>4.6 If the Board of Directors feels that it is not possible to allow shareholders to</p>

<p>hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar.</p>	<p>participate in shareholders' meeting electronically they shall be allowed to vote on proposals or participate in voting in writing. The Board of Directors shall set rules regarding the execution of such voting.</p>
<p>Umboð</p> <p>4.7 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.</p>	<p>Power of Attorney</p> <p>4.7 A shareholder may send an agent to the shareholders' meeting in his behalf. The agent shall submit a written power of attorney which shall be dated. The power of attorney shall never be valid for more than a year from its date.</p>
<p>4.8 Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.</p>	<p>4.8 A power of attorney will not be validly revoked after it has been submitted at the delivery of meeting documents or after the shareholders' meeting has been declared open, which ever happens first.</p>
<p>Lögmæti hluthafafunda</p> <p>4.9 Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað.</p>	<p>Lawfulness of Shareholders' Meetings</p> <p>4.9 A shareholders' meeting is lawful without regard to attendance if it is lawfully called for.</p>
<p>Aðalfundur</p> <p>4.10 Aðalfund skal halda innan sex mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum í grein 4.14 - 4.20.</p>	<p>Annual General Meeting</p> <p>4.9 An Annual General Meeting shall be held within six months from the end of the financial year each year. Annual General Meetings shall be called with the same method as other shareholders' meetings in accordance with the provisions of Clause 4.14-4.20.</p>
<p>Dagskrá aðalfundar</p> <p>4.11 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár. 2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu. 3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna. 4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu. 5. Kosning stjórnar félagsins skv. grein 5. 6. Kosning endurskoðanda skv. grein 8.2. 7. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá skv. grein 4.18. 8. Önnur mál. <p>Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutfjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem</p>	<p>Agenda of the Annual General Meeting</p> <p>4.11 The following matters shall be addressed at the Annual General Meeting:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. The Board of Director's report on the Company's operations in the past year shall be presented. 2. Confirmation of annual accounts and decision on the handling of profit or loss of the financial year. 3. Decision on payments to board members. 4. Proposals of the Board of Directors regarding the remuneration policy. 5. Election of the Board of Directors in accordance with the provisions of Clause 5. 6. Election of auditor in accordance with the provisions of Clause 8.2. 7. Proposals from shareholders which shall be on the agenda according to the provisions of Clause 4.18.

<p>haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.</p> <p>Félagsstjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutfjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutfélagið er í, eigi það við.</p>	<p>8. Other matters.</p> <p>If shareholders who control at least 1/3 of the Company's share capital insist, a decision on item 2 on the agenda shall be postponed to the extended Annual General Meeting which shall be held no earlier than one month and no later than two months later. No further continuance can be requested.</p> <p>The Board shall prepare a brief summary and present it to the Annual General Meeting regarding the financial interests of individual shareholders and their right to vote, as well as the changes that have occurred over the year. Same information shall be provided about the legal relationships in which the company is involved.</p>
<p>Boðun hluthafafunda</p> <p>4.12 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutfjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.</p>	<p>Invitation to Shareholders' Meetings</p> <p>4.12 The Board of Directors shall call for shareholders' meetings when it deems it necessary, or when the elected auditor or shareholders controlling at least 5% of the share capital insist in writing and suggest an agenda for the meeting.</p>
<p>4.13 Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. ákvæðum 2. mgr. 87. gr. hlutfélagalaga.</p>	<p>4.13 When a lawful claim for a shareholders' meeting is presented, the Board of Directors is obligated to call for a meeting within 14 days from receiving such a claim. If the Board of Directors has not called for a meeting within that time limit a meeting can be called for in accordance with the provisions of paragraph 2 of Article 87 of the Companies Act.</p>
<p>4.14 Hluthafafundir skulu boðaðir með rafrænum hætti og auglýsingu í innlendum fjölmiðli, eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að hluthöfum sé tryggður skjóttur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli.</p>	<p>4.14 Shareholders' meetings shall be called by electronic means and advertisement in domestic media, or by other verifiable manner ensuring that , shareholders are guaranteed prompt access to the notice on equal terms</p>
<p>Boðunarfrestur</p> <p>4.15 Hluthafafundir skulu boðaðir með skemmst þriggja vikna fyrirvara en lengst sex vikna fyrirvara.</p>	<p>Notice</p> <p>4.15 Shareholders' meetings shall be called for with a minimum of three weeks' notice and a maximum of six weeks' notice.</p>
<p>4.16 Fundarefnis skal getið í fundarboði og skal auk þess að minnsta kosti greina:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. 2) Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. 3) Hvar og hvernig megi nálgast: <ol style="list-style-type: none"> a. Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund. b. Ályktunartillögur og/eða athugasemdir félagsstjórnar eða 	<p>4.16 The invitation shall include the agenda and additionally at least include information regarding:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) The place of the meeting, time and draft agenda. 2) Clear and precise rules on participation in and voting at shareholders' meetings. 3) Where and how shareholders can access: <ol style="list-style-type: none"> a. Documents that will be presented at the shareholders' meeting.

<p>undirnefnda hennar varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.</p> <p>c. Ályktunartillögur sem félagið hefur mótttekið.</p> <p>4) Vefsíðu þar sem finna má upplýsingar sem hluthafar hafa aðgang að í tengslum við hluthafafund samkvæmt lögum.</p>	<p>b. Proposals and/or comments of the Board of Directors or its committees on each item on the draft agenda.</p> <p>c. Shareholders proposals as received by the Company.</p> <p>4) Website where information can be located on the issues that shareholders shall, according to law, have access to in connection to a shareholders' meeting.</p>
<p>4.17 Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.</p>	<p>4.17 If a proposal for amendments to the Company's Articles of Association is to be dealt with at a meeting, the subject matter of the proposal shall be stated in the meeting agenda.</p>
<p>Tillögur frá hluthöfum</p> <p>4.18 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Kröfunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar samkvæmt fresti í grein 4.15 í samþykktum þessum, sbr. 2. mgr. 86. gr. hlutafélagalaga. Kröfu má gera síðar en þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfundinn. Félagsstjórn skal a.m.k. 3 dögum fyrir hluthafafund upplýsa um kröfuna og endurskoðaða dagskrá á vef félagsins.</p>	<p>Proposals from shareholders</p> <p>4.18 Each shareholder has the right to have certain matters addressed at the shareholders' meeting if he so requests in writing or electronically to the Board of Directors of the Company with time enough in advance so that the matter can be placed on the agenda and presented to shareholders before the meeting. The claim shall be accompanied by justification or a draft resolution and submitted to the Board of Directors no later than one week in advance of calling of Annual General Meeting according to Clause 4.15 of these Articles of Association, cf. paragraph 2 of Article 86 of the Companies Act. A claim may make later but always at least 10 days before the Annual General Meeting. The Board of Directors shall inform about the claim at least 3 days before the shareholders' meeting and post the revised agenda on the Company's website.</p>
<p>Dagskrá</p> <p>4.19 Dagskrá skal lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, ásamt endanlegum tillögum sem koma eiga til afgreiðslu, eigi skemur en sjö dögum fyrir fund.</p>	<p>Agenda</p> <p>4.19 The agenda shall be available for shareholders' review at the Company's office, along with final proposals to be addressed at the meeting, no later than seven days before the meeting.</p>
<p>Breytingatillögur</p> <p>4.20 Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.</p>	<p>Proposals for changes</p> <p>4.20 Lawfully proposed additions- or amendments may be presented on the shareholders meeting itself, even though they were not available for the shareholders' review prior to the meeting.</p>
<p>Mál sem ekki eru á dagskrá</p> <p>4.21 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra</p>	<p>Matters not on the agenda</p> <p>4.21 Matters that have not been listed on the agenda may not be resolved at the shareholders' meeting without the consent</p>

hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagstjórn.	of all shareholders in the Company. Those matters however be resolved as directions to the Board of Directors.
4.22 Komi fram tillögur undir dagskrárliðnum "Önnur mál" verða þau ekki tekin til endanlegrar úrlausnar sbr. gr. 4.21.	4.22 If proposals under the heading "Other matters" are presented they may not be resolved fully at the meeting, cf. 4.21.
Fundarstjóri 4.23 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.	Chairman 4.23 Shareholders' meetings are chaired by a chairman elected by the meeting and he will nominate a secretary with the approval of the meeting. The chairman shall solve all matters which arise concerning the lawfulness of the meeting and its conduct in accordance with these Articles of Association and Icelandic legislation. The chairman shall furthermore decide the form of discussions and procedures for addressing matters at the meeting and voting.
Fundargerðabók 4.24 Halda skal sérstaka fundargerðabók og skrá þar allar fundarsamþykktir og úrslit atkvæðagreiðslna, svo og gagnorðar fundargerðir. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá athugasemdir sem fram koma. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hverjum hluthafafundi.	Minutes of Shareholders' Meetings. 4.24 Minutes of the meeting shall be kept in detail and all resolutions and results of voting recorded. The minutes shall be read out loud at the end of the meeting and comments on the minutes noted in the minutes. The minutes shall be signed by the chairman of the meeting and secretary. The minutes shall constitute full proof of the events of shareholders' meetings.
Atkvæðavægi 4.25 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.	Weight of votes 4.25 A simple majority of votes will decide matters at shareholders' meetings unless otherwise stipulated in these Articles of Association or Icelandic law. A proposal is rejected if votes are equal. If two or more persons receive the equal amount of votes in elections a coin tossup shall determine the election.
5. gr. STJÓRN FÉLAGSINS	Art. 5 BOARD OF DIRECTORS
5.1 Aðalfundur félagsins kýs árlega 5 menn í stjórn félagsins, formann sem fundurinn kýs sérstaklega og 4 meðstjórnendur. Um hæfi þeirra fer að lögum. Starfsmenn, stjórnendur og hluthafar samkeppnisaðila, og féлага sem eru tengd samkeppnisaðila, sbr. lög um ársreikninga, eru ekki kjörgengnir og mega ekki setjast í stjórn félagsins. Sama á við um einstaklinga sem	5.1 The Company's Annual General Meeting annually elects 5 members of the Company's Board, a chairman who is elected separately and 4 co-directors. Their eligibility is governed by law. Employees, managers and shareholders of competitors, and companies that are related to competitors, cf. Act on annual accounts, are not eligible for election and

<p>eru nákomnir fyrrgreindum aðilum.</p>	<p>may not sit on the Company's Board of Directors. The same applies to individuals who are close to the aforementioned persons.</p>
<p>Kynjahlutföll</p> <p>5.2 Stjórnarkjör er því aðeins gilt að kynjahlutfall í stjórn sé sem jafnast og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%.</p>	<p>Gender ratio</p> <p>5.2 Board elections are therefore only valid if the gender ratio in the board is as equal as possible, and the percentage of each gender must not be lower than 40%.</p>
<p>5.3 Verði niðurstaða kosninga í stjórn félagsins þannig að kynjahlutfall skv. gr.5.2 náist ekki telst kosningin ógild og skal þá endurtaka kosninguna. Náist niðurstaða ekki eftir endurtekna kosningar skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Skal stjórnarkjör endurtekið með saman hætti svo oft sem þarf þar til kynjahlutfalli er náð.</p>	<p>5.3 If the result of the election in the Company's Board of Directors is such that the gender ratio according to Clause 5.2 is not achieved, the election is considered invalid and the election must be repeated. If a result is not reached after repeated elections, the election of the Board of Directors shall be postponed until a follow-up general meeting, that shall be held within a month and announced separately in the same way as shareholders' meetings. Board elections shall be repeated in the same manner as many times as necessary until the gender ratio is reached.</p>
<p>5.4 Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna félagsstjórn um framboð sitt skemmst 5 dögum fyrir hluthafafund. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.</p>	<p>5.4 Those who intend to stand for election to the Board of Directors must notify the Board of Directors of their candidacy at least 5 days before the shareholders' meeting. In addition to the candidate's name, social security number and address, information about the main job, other board positions, education, experience and share ownership in the company must be given in the notice of candidacy for the board. You must also disclose your interests with the Company's main business partners and competitors, as well as shareholders who own more than 10% of the Company.</p>
<p>5.5 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan frestsins, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.</p>	<p>5.5 The Board of Directors shall review the application notices and give the person concerned, in a demonstrable way, the opportunity to remedy the defects in the notice within a specified period. If the defects in the application notice are not corrected within the deadline, the Board of Directors decides on the validity of the application. It is possible to expedite the decision of the Board of Directors to the shareholders' meeting, which has the final decision-making power on the validity of the offer.</p>
<p>5.6 Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir hluthafafund og samtímis birt á</p>	<p>5.6 Information about candidates for the Board of Directors must be presented to the shareholders for display at the company's office no later than 2 days before the</p>

heimasíðu félagsins.	shareholders' meeting and published on the Company's website at the same time.
5.7 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning, sbr. 6. mgr., a. liður, 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 hafi ekki komið fram lögmæt krafa um annað skv. 7. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.	5.7 Board elections take place as a majority election, cf. Paragraph 6, a. point, Article 63 of the Limited Liability Company Act no. 2/1995, if there has not been a legitimate demand for something else according to Paragraph 7 Article 63 of the same Act.
5.8 Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.	5.8 Board elections must normally be in writing, if proposals are made for more people than are to be elected.
Verkaskipting stjórnar	Division of tasks
5.9 Stjórnarformann kýs aðalfundur sérstaklega sbr. gr. 5.1, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum eins og þurfa þykir.	5.9 An Annual General Meeting elects a Chairman, cf. Clause 5.1, otherwise the Board of Directors divides tasks as necessary.
5.10 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Stjórnarfundur skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefjast þess.	5.10 The chairman of the Board of Directors calls board meetings and chairs the meetings. Board meetings shall be held whenever the chairman deems necessary. A meeting shall be held if any board member or the CEO requests.
6. gr. STJÓRNARFUNDUR	Art. 6 MEETINGS OF THE BOARD OF DIRECTORS
Lögmæti stjórnarfunda	Lawfulness of board meetings
6.1 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.	6.1 A board meeting is able to make decisions when the majority of board members participate in meetings. If possible, an important decision may not be taken without all members of the Board of Directors having had a chance to discuss the matter.
6.2 Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarfundabúnaði.	6.2 Board members can participate in board meetings through teleconferencing equipment.
Atkvæðagreiðslur	Voting
6.3 Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.	6.3 The strength of votes determines the outcome of board meetings. In case of an equal vote, the chairman's vote shall prevail.
Fundargerðabók	Minutes of meetings
6.4 Stjórnin skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum hennar og skulu stjórnarmenn staðfesta hana með undirskrift	6.4 Directors must keep a minutes book of what happens at board meetings and confirm it with their signature.

sinni.	
<p>Markmið og skyldur</p> <p>6.5 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og setur félaginu markmið í rekstri með hagsmuni þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmivið tilgang félagsins. Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Stjórnin ræður forstjóra, ákveður ráðningarkjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.</p>	<p>Goals and obligations</p> <p>6.5 The board has the highest authority in the Company's affairs between shareholders' meetings and sets operational goals for the Company with its interests and shareholders as a guiding light in accordance with the Company's purpose. The board decides social matters between shareholder meetings and binds the Company with its resolutions and agreements. The board appoints a director, determines the terms of employment and concludes a written employment contract with him.</p>
6.6 Stjórnin veitir prókúruumboð. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.	6.6 The Board grants power of attorney. The signature of the majority of directors is required to bind the company.
6.7 Félagsstjórn starfar skv. starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög.	6.7 The Board of Directors operates according to operating rules that the board sets on the basis of the law on public limited companies.
6.8 Sé undirnefndum stjórnar komið á fót, skv. ákvæðum laga eða starfsreglna stjórnar skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina og hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.	6.8 If sub-committees of the Board are established, according to the provisions of law or the rules of procedure of the Board, their conclusions shall only provide guidance for the Board and it shall not be bound by them in the handling of individual cases unless otherwise prescribed by law.
<p>7. gr.</p> <p>FORSTJÓRI</p>	<p>Art. 7</p> <p>CEO</p>
7.1 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.	7.1 The CEO handles the day-to-day operations of the company in accordance with the rules that are or will be set for him by the Company's Board of Directors. The day-to-day operations do not include measures that are unusual or major.
7.2 Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.	7.2 The CEO shall ensure that the Company's accounting is maintained in accordance with laws and customs and that the Company's assets are handled in a secure manner.
7.3 Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðanda allar þær upplýsingar sem	7.3 The CEO is obliged to comply with all instructions of the board. He must provide the auditor with all the information he

hann óskar.	requests
8. gr. REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN	Art. 8 ACCOUNTING AND AUDITING
8.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi.	8.1 The financial year of the Company is the calendar year. The annual accounts shall be audited by an auditing company.
8.2 Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.	8.2 An auditor or auditor company shall be elected at an Annual General Meeting for a term of one year.
9. gr. EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGS	Art. 9 THE COMPANY'S OWN SHARES
9.1 Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálft.	9.1 The Company is allowed to own up to 10% equity capital. Voting rights are not attached to shares owned by the Company itself.
9.2 Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hlutahafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 5 ára hverju sinni. Um kaupverð gilda ákvæði hlutafélagalaga nr. 2/1995 sbr. 3. mgr. 55. gr. Í starfsreglum stjórnar skal setja reglur um kaup og sölu á eigin hlutum.	9.2 Shares can only be acquired by the Company according to the authorization of the shareholders' meeting for the Board of Directors. Authorization to the Board of Directors to purchase own capital may not be for a period longer than 5 years at a time. Regarding the purchase price, the provisions of the Limited Liability Companies Act no. 2/1995 cf. Paragraph 3 Article 55, apply. Rules for the purchase and sale of own shares shall be laid down in the rules of procedure of the Board of Directors.
10. gr. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS	Art. 10 AMENDMENTS TO THE ARTICLES OF ASSOCIATION
10.1 Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hlutahafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hlutahafafundinum.	10.1 The Articles of Association may only be amended by a lawful shareholders' meeting as long as the proposal for the amendment is described in the invitation to the meeting. The decision is only valid if approved by 2/3 of the votes and approved by shareholders controlling at least 2/3 of the votes represented at the shareholders' meeting.

<p style="text-align: center;">11. gr. SLIT Á FÉLAGINU</p>	<p style="text-align: center;">Art. 11 DISSOLUTION</p>
<p>11.1 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi skv. XIII. kafla hlutafélagalaga.</p>	<p>11.1 Should it be advisable or necessary to dissolve the Company, proposals thereof shall be governed by Chapter XIII of the Company Act.</p>
<p style="text-align: center;">12. gr. SAMRUNI OG SKIPTING</p>	<p style="text-align: center;">Art. 12 MERGER</p>
<p>12.1 Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga.</p>	<p>12.1 The provisions of chapter XIV of the Company Act shall apply to a merger of the Company with other companies.</p>
<p style="text-align: center;">13. gr. ÖNNUR ÁKVÆÐI</p>	<p style="text-align: center;">Art. 13 OTHER PROVISIONS</p>
<p>13.1 Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.</p>	<p>13.1 Where the provisions of these Articles of Association do not stipulate the form of proceedings the provisions of the Company Act No. 2/1995 shall be abided.</p>
<p style="text-align: center;">14. gr. SÉRÁKVÆÐI UM HLUTAFJÁRHÆKKANIR OG FLEIRA</p>	<p style="text-align: center;">Art. 14 SPECIAL PROVISIONS ON INCREASE OF SHARE CAPITAL</p>
<p>14.1 Hluthafafundur Hampiðjunnar hf. haldinn 25.11.2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins að nafnvirði um allt að kr. 145.000.000, úr kr. 500.000.000 að nafnvirði í allt að kr. 645.000.000 að nafnvirði, svo sem nánar greinir hér að neðan:</p> <p>a) [<i>Heimild hefur verið nýtt</i>]</p> <p>b) Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á aðalmarkaði NASDAQ á Íslandi, en hlutabréf félagsins eru nú til viðskipta á First North markaði NASDAQ, og auka hlutafé félagsins samhliða, í einu lagi eða áföngum, um allt að kr. 94.018.951 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta, í því skyni að greiða niður skuldir Mørenot og fjármagna fjárfestingar félagsins þannig að samlegðaráhrif vegna kaupanna séu nýtt. Stjórn</p>	<p>14.1 Shareholders' meeting of Hampiðjan hf. held on 25.11.2022 agrees to authorize the Company's Board of Directors to increase the company's share capital by up to a nominal value of up to ISK. 145,000,000, from ISK. 500,000,000 in nominal value up to ISK. 645,000,000 in nominal value, as detailed below:</p> <p>a) [<i>Authorization has been used</i>]</p> <p>b) The Company's Board is authorized to request the Company's shares to be traded on the main market NASDAQ market in Iceland, but the Company's shares are currently traded on the First North market of NASDAQ, and to increase the company's share capital simultaneously, in one go or in stages, by up to ISK. 94,018,951 in nominal value through the issue of new shares, in order to pay off</p>

<p>félagsins ákveður útboðsgengi hlutanna og sölureglur hverju sinni. Skal áskrift í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykktu félagsins og V. kafla laga um hlutafélög.</p> <p>Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar á hinu nýja hlutafé.</p> <p>Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi, þó skulu hinir nýju hlutir sem tilkomnir eru vegna greiðslu fyrir hlutaféð í Holding Cage I AS njóta arðsréttinda og forgangsréttar til áskriftar að nýjum hlutum í félaginu, til jafns við hluthafa, frá þeim degi sem kaupsamningur sá sem vísað er til í a-lið 1. mgr. hér að framan er orðinn skuldbindandi. Heimildir þessar skal stjórnin nýta innan 18 mánaða frá samþykkt hennar.</p> <p>Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar.</p>	<p>Mørenot's debts and finance the Company's investments so that synergies from the acquisition are utilized. The board of the Company decides on the terms of the offering and sale of the shares each time. Subscription must be carried out once and for all according to the provisions of the Company's Articles of Association and Chapter V of the Act on Limited Companies.</p> <p>Shareholders waive their pre-emptive right to subscribe to the new share capital.</p> <p>No restrictions shall be imposed on transactions with the new shares. The new shares shall confer rights in the Company from the date of registration, however, the new shares issued in payment of the share capital in Holding Cage I AS shall enjoy pre-emptive and subscription rights to new shares in the Company, on an equal basis with the shareholders, from the date of the purchase agreement the person referred to in point a of paragraph 1. above has become binding. The Board must use these authorizations within 18 months of its approval.</p> <p>The Board of Directors of the Company is authorized to make necessary amendments to the Articles of Association in connection with the use of the authorization.</p>
<p>14.2 Aðalfundur Hampiðjunnar hf. haldinn 24.03.2023 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins að nafnvirði um allt að kr. 10.400.000 með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta ekki forgangs til áskriftar að þessum nýju hlutum, sem nýttir skulu til að uppfylla kaupréttarsamninga sem gerðri verða við starfsmenn félagsins og dótturfélagsins samkvæmt starfskjarastefnu sem gildir innan félagsins á hverjum tíma. Áskriftargengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem stjórn félagsins gerir við hlutaðeigandi. Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt hennar.</p>	<p>14.2 The Annual General Meeting of Hampiðjan hf. held on 24.11 2023 March 2023 agrees to authorize the Company's Board of Directors to increase the Company's share capital by by up to 10,400,000 shares nominal value. Shareholders do not have pre-emptive subscription rights to new shares issued under this authorization, which shall be issued in order to honor the Company's obligations pursuant to share incentive agreements entered into pursuant to the Company's remuneration policy. The subscription price for the new shares and conditions for issuance shall be in accordance with the terms of applicable share incentive agreements entered into by the Board of Directors. This authorization is valid for five years from the date of its approval.</p>
<p>Fyrirsagnir í samþykktum þessum eru ekki hluti þeirra, heldur einungis til hægðarauka.</p>	<p>Information in reduced form within parentheses shall not be considered part of the Articles of Association, rather provided for the sake of</p>

Samþykktir þessar eru á íslensku á ensku. Komi upp misræmi skal íslenska útgáfan ráða.

Samþykktir þessar voru samþykktar á hluthafafundi í dag og eru núgildandi samþykktir félagsins.

convenience.

These Articles of Association are written in Icelandic and English. In case of any discrepancies, the English version shall prevail.

These Articles of Association were approved at today's shareholders' meeting and are the Company's current Articles of Association.